

Strandabyggð  
Skipulagsfulltrúi  
Hafnarbraut 25  
510 Hólmavík

## Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna undirbúningsframkvæmda Kvíslatunguvirkjunar

### Undirbúningsframkvæmdir

Orkubú Vestfjarða (OV) sækir um framkvæmdaleyfi vegna undirbúningsframkvæmda Kvíslatunguvirkjunar. Fyrirhugað er að hefja undirbúning að framkvæmdum í Selárdal í sumar en næsta sumar er ráðgert að hefja eiginlegar virkjunarframkvæmdir í samræmi við deiliskipulag og umhverfismat virkjunarinnar. Sótt verður um annað framkvæmdaleyfi vegna þessara framkvæmda þegar önnur leyfi liggja fyrir síðar á þessu ári.

Óskað er eftir að framkvæmdaleyfið sem nú er sótt um feli í sér heimild til:

- Uppbyggingar núverandi slóða frá Geirmundarstöðum að stöðvarhúsi að teknu tilliti til fornminja.
- Lagfæringar á héraðsvegi frá Þjóðvegi að Geirmundarstöðum ef þörf verður á því.
- Uppsetningar vinnubúða í Selárdal, þ.e. plans, vatnsveitu og rotþróar.
- Efnistöku úr námu E30 neðan Þjóðbrókargils.
- Plægingar rafstrengs og ljósleiðara frá Þjóðvegi að Geirmundarstöðum en hann mun leysa af hólmi núverandi loftlínu. Einnig lagningu nýs strengs og ljósleiðara frá Geirmundarstöðum að fyrirhuguðu stöðvarhúsi.

### Skipulagsmál og umhverfismat

Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur samþykkt endurskoðað aðalskipulag sveitarfélagsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur lagt til að sveitarstjórn samþykki deiliskipulag Kvíslatunguvirkjunar.

Umhverfismat Kvíslatunguvirkjunar og álit Skipulagsstofnunar frá 9.12. 2024 liggur fyrir.

Framkvæmdirnar verða í samræmi við skipulag og umhverfismat virkjunarinnar.

### Leyfismál

Fyrir liggur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir efnistöku úr námu E30 í deiliskipulagi neðan Þjóðbrókargils. OV á í samskiptum við Heilbrigðiseftirlitið vegna vinnubúða og mun upplýsa það um fyrirkomulag á vatnsveitu, rotþróar, eldsneytisgeymslu og verkstæðisaðstöðu áður en framkvæmdir hefjast.

OV hefur skilað inn umsókn um heimild til að breyta vatnshlotum til Umhverfis- og Orkustofnunar. Umsóknin er í rýni hjá stofnuninni og OV á í viðræðum við hana um framhald málsins.

OV hefur sótt um leyfi Fiskistofu til framkvæmda við ár og vötn vegna vegagerðar og efnisnáms í Selárdal.

Unnið er að umsókn um virkjunarleyfi og á OV í samtali við Umhverfis- og Orkustofnun um það. Heimild til að breyta vatnshlotum þarf að liggja fyrir, sem og leyfi Fiskistofu, áður en virkjunarleyfi er veitt.



OV á í samskiptum við Minjastofnun vegna fornminja í Selárdal. Tekið verður tillit til krafna Minjastofnunar við alla hönnun, m.a. legu vegar og strengs. Einnig hefur verið fundað með Vegagerðinni vegna vegaframkvæmda í Selárdal og sótt verður um leyfi til stofnunarinnar.

### **Fylgigögn**

Deiliskipulag Kvíslatunguvirkjunar (ósamþykkt í sveitarstjórn)  
Umhverfismat Kvíslatunguvirkjunar og álit Skipulagsstofnunar  
Umsögn Minjavarðar vegna veglagningar í Selárdal  
Starfsleyfi vegna efnistöku í Selárdal  
Veghönnunargögn (yfirlitsmynd)

F.h. Orkubús Vestfjarða  
Gunnar Páll Eydal, Verkís